

2012:15 • 10. desember 2012

Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2012

Quarterly government accounts, 3rd quarter 2012

Samantekt


Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 8,4 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2012 sem er nokkru hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2011 er hún var neikvæð um 14,4 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 1,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins og 4,5% af tekjum hins opinbera. Fyrstu níu mánuði ársins reyndist tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 29 milljarða króna eða 2,3% af landsframleiðslu þess tímabils, en til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 46 milljarða króna á sama tíma 2011 eða 3,8% af landsframleiðslu.

Helstu niðurstöður

Tekjuafkoma hins opinbera hefur batnað það sem af er þessu ári þótt hún sé enn neikvæð.

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs¹

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP¹



¹ 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Íslands á 4. ársfj. 2008 er ekki talin með í heildargjöldum og sömuleiðis ekki 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð á 4. ársfj. 2010. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure and as well 55.5 billion ISK in 4. quarter 2010 due to called quarantees.



Tekjur jukust um 5%
en útgjöld um 1,6%

Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um ríflega 5% milli 3. ársfjórðungs 2011 og 2012. Heildarútgjöld hins opinbera jukust um 1,6% á sama tíma.


Tekjur hins opinbera námu tæpum 548 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum og er aukningin milli ára 8,2%. Útgjöld hins opinbera reyndust 576 milljarðar króna á sama tíma og jukust um 4,4% milli ára. Tekjuhallinn á tímabilinu var 2,3% af landsframleiðslu tímabilsins en hann var 3,8% á sama tíma 2011.

Tekjujöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 10 milljarða króna á 3. ársfjórðungi eða sem nemur 2,2% af landsframleiðslu tímabilsins. Tekjurnar hafa aukist um 6,1% frá sama tíma 2011 en útgjöldin um 0,4%. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 var tekjujöfnuðurinn óhagstæður um 2,7% af landsframleiðslu miðað við 4% halla árið 2011.

Tekjuafkoma sveitarfélaganna á 3. ársfjórðungi er nánast í jánnum, tekjurnar 56,4 milljarðar en útgjöldin 56,7. Hafa tekjurnar aukist um 0,5% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 2,4%. Tekjuafkoma sveitarfélaga hefur batnað verulega árin 2011 til 2012 og er tekjujöfnuður jákvæður um 0,6% fyrstu níu mánuði ársins.

Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Hrein peningaleg eign
rýrnaði um 101 milljarð

Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.914 milljörðum króna í lok 3. ársfjórðungs 2012 eða sem svarar 117,7% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 823 milljarða króna í lok þessa ársfjórðungs eða sem svarar 50,6% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 44,4% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2011 og 37,0% á sama ársfjórðungi 2010. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs rýrnaði um 101 milljarð króna milli 3. ársfjórðungs 2011 og 2012.

Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera
voru 187,5 milljarðar

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 187,5 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2012 samanborið við 178,5 milljarð króna á sama tímabili 2011 og hækkuðu um 5% milli ára. Skatttekjur og tryggingagjöld skiluðu hinu opinbera 162,4 milljörðum króna samanborið við 154,7

milljarða króna á sama ársfjórðungi 2011 eins og lesa má úr töflu 5. Tekjuhækkunin skýrist aðallega af 2,9 milljarða króna aukningu í tekjusköttum og 3,5 milljarða króna aukningu í vöru- og þjónustusköttum.

Útgjöldin námu 195,9 milljörðum

Á 3. ársfjórðungi 2012 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera hafi verið 195,9 milljarðar króna samanborið við 192,9 milljarða króna árið 2011 og nemur hækkunin 1,6% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun, 62,8 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 46,2 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 35,6 milljarðar króna. Þá er talið að vaxtagjöld hins opinbera hafi verið 25,2 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2012 og opinber fjárfesting 8,3 milljarðar króna. Launakostnaður hins opinbera jókst um 2,4 milljarða milli 3. ársfjórðungs 2011 og 2012 og vaxtagjöld hækkuðu um 2,7 milljarða króna. Á móti minnkaði fjárfesting um 1,1 milljarð og félagslegar tilfærslur um 1,2 milljarða.

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 8,4 milljarða króna

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 8,4 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2012 sem er heldur hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2011 er hún var neikvæð um 14,4 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 1,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 4,5% af tekjum hins opinbera.

Fyrstu níu mánuðina hækkuðu tekjur um 8,2%

Tekjur hins opinbera námu tæplega 548 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 506 milljarða króna árið áður og er hækkunin milli ára um 42 milljarðar króna eða 8,2%. Sem hlutfall af landsframleiðslu tímabilsins námu tekjurnar 42,2%. Mest er hækkunin í tekjusköttum sem skiluðu 16,8 milljörðum króna meiri tekjum á tímabilinu en árið áður. Þá skiluðu vöru- og þjónustuskattar 13,1 milljarði króna meiri tekjum og tryggingagjöldin 1,1 milljarði króna meiri tekjum. Aðrar tekjur — aðallega vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu — skiluðu um 5,5 milljarða króna meiri tekjum.

Útgjöld fyrstu níu mánuðina jukust um 4,4%

Fyrstu níu mánuðina reyndust útgjöld hins opinbera vera 576 milljarðar króna eða sem svarar til 45,3% af landsframleiðslu tímabilsins og hækkuðu um 4,4% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru um 187 milljarðar króna á tímabilinu, kaup á vöru og þjónustu 142 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 102 milljarðar króna; samtals hækka þessir liðir um 3,6% milli tímabilanna. Þá er áætlað að vaxtagjöld hins opinbera verði tæplega 72 milljarðar króna fyrstu níu mánuði ársins og opinber fjárfesting 21 milljarðar króna.

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 29 milljarða fyrstu níu mánuðina sem er bati um ríflega 17 milljarða frá sama tímabili 2011. Tekjuhallinn nam 2,3% af landsframleiðslu tímabilsins eða 5,3% af tekjum hins opinbera.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2011 og 2012

Table 1. General government finances in 3rd quarter 2011 and 2012

| Fjárhæðir í milljörðum króna | 2011 | 2012 | Breyting, | 2011 | 2012 | Breyting, |
|--------------------------------------|------------|------------|-----------|--------------|--------------|-----------|
| Figures in billion ISK | 3. ársfj. | 3. ársfj. | % | 1.–3. ársfj. | 1.–3. ársfj. | % |
| | 3rd quart. | 3rd quart. | Change, % | 1–3 quart. | 1–3 quart. | Change, % |
| 1. Heildartekjur <i>Revenue</i> | 178,5 | 187,5 | 5,0 | 506,0 | 547,5 | 8,2 |
| 2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i> | 192,9 | 195,9 | 1,6 | 552,2 | 576,5 | 4,4 |
| 2.1 Fjárfesting <i>Investment</i> | 9,4 | 8,3 | -11,4 | 22,2 | 20,7 | -6,6 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) | | | | | | |
| <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i> | -14,4 | -8,4 | • | -46,3 | -29,0 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum | | | | | | |
| <i>Fin. bal. % of revenue</i> | -8,0 | -4,5 | • | -9,1 | -5,3 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF | | | | | | |
| <i>Financial bal. % of GDP</i> | -3,4 | -1,9 | • | -3,8 | -2,3 | • |

Ríkissjóður

Tekjuhalli ríkissjóðs var
10 milljarðar króna

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 138,4 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2012 og heildarútgjöld 148,4 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 10 milljarða króna á þeim ársfjórðungi eða sem nemur 2,2% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um 6,1% frá sama tíma 2011 en útgjöldin um 0,4%. Tekjujöfnuðurinn er því hagstæðari en á 3. ársfjórðungi 2011 er hann var neikvæður um 17,3 milljarða króna eða 4,0% af landsframleiðslu þess ársfjórðungs.

Skattar á vöru og þjónustu 41%
tekna ríkissjóðs

Á þriðja ársfjórðungi skiluðu skattar og tryggingagjöld ríkissjóði 120,2 milljörðum króna eða 86,8% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 56,6 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 38,4 milljörðum króna og tryggingagjöldin 17,2 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almanna-trygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu 47,6 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2012. Launaútgjöld ríkissjóðs námu 32,3 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 22,5 milljörðum króna eins og lesa má í töflu 6.

Tekjur hækkuðu um 8,2%
fyrstu 9 mánuðina

Tekjur ríkissjóðs námu um 399 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 en 369 milljarði króna á sama tíma 2011 og nemur hækkunin 8,2% milli ára. Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði 345,6 milljörðum króna eða tæplega 87% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 158,3 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 113,7 milljörðum króna og tryggingagjöldin 50,1 milljörðum króna.

..en gjöldin jukust um 3,8%

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 námu útgjöld ríkissjóðs um 433 milljörðum króna samanborið við rúmlega 417 milljarða króna á sama tíma 2011 og var aukningin 3,8%. Fjárframlög til almanna-trygginga og sveitarfélaga eru umfangsmesti útgjaldaliður ríkissjóðs en þau námu ríflega 138 milljörðum króna á þessu tímabili. Launaútgjöld hans námu tæplega 96 milljörðum króna, kaup á vöru og þjónustu ríflega 68 milljörðum króna og vaxtagjöld 65 milljörðum króna. aukningin milli umræddra tímabila skýrist fyrst og fremst af 10 milljarða króna auknum vaxtagjöldum og um sex milljarða hærri launagjöldum.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 3. ársfjórðungi 2011 og 2012

Table 2. Central government finances in 3rd quarter 2011 and 2012

| Fjárhæðir í milljörðum króna | 2011 | 2012 | Breyting, | 2011 | 2012 | Breyting, |
|--------------------------------------|------------|------------|-----------|--------------|--------------|-----------|
| Figures in billion ISK | 3. ársfj. | 3. ársfj. | % | 1.–3. ársfj. | 1.–3. ársfj. | % |
| | 3rd quart. | 3rd quart. | Change, % | 1–3 quart. | 1–3 quart. | Change, % |
| 1. Heildartekjur <i>Revenue</i> | 130,4 | 138,4 | 6,1 | 368,7 | 399,0 | 8,2 |
| 2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i> | 147,7 | 148,4 | 0,4 | 417,4 | 433,4 | 3,8 |
| 2.1 Fjárfesting <i>Investment</i> | 4,5 | 3,3 | -26,4 | 9,7 | 7,9 | -18,5 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) | | | | | | |
| <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i> | -17,3 | -10,0 | • | -48,7 | -34,4 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum | | | | | | |
| <i>Fin. bal. % of revenue</i> | -13,3 | -7,2 | • | -13,2 | -8,6 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF | | | | | | |
| <i>Financial bal. % of GDP</i> | -4,0 | -2,2 | • | -4,0 | -2,7 | • |

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs
rýrnar um 101 milljarð króna

Peningalegar eignir ríkissjóðs voru 1.091 milljarður króna í lok 3. ársfjórðungs 2012 eða sem nemur 67,1% af landsframleiðslu og hafa þær aukist um 45,7 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2011 eins og fram kemur í töflu 9. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs aukist um 146,3 milljarða króna en þær námu 1.914 milljörðum króna í lok 3. ársfjórðungs 2012 samanborið við 1.768 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2011. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær 117,7%. Þessi þróun hefur haft í för með sér að hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, varð neikvæð um 823 milljarða króna í lok 3. ársfjórðungs 2012 eða sem svarar 50,6% af landsframleiðslu. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 44,4% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2011 og 37,0% á sama ársfjórðungi 2010. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs rýrnaði um 101 milljarð króna milli ára.

Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga
í jánnum á 3. ársfjórðungi 2012

Heildartekjur sveitarfélaga á 3. ársfjórðungi 2012 eru áætlaðar 56,4 milljarðar króna og heildarútgjöld um 56,7 milljarðar króna. Tekjuafkoma þess ársfjórðungs er því nánast í jánnum, eins og hún var á sama tíma 2011. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 0,5% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 2,4%.

Þrjár fimmtu hlutar tekna
sveitarfélaga eru útsvarstekjur

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 34,2 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2012 eða rúmlega 60% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu rúmlega 8 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 5,8 milljörðum og aðrar tekjur 8,3 milljörðum króna. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða um 46% útgjaldanna en 26 milljarðar króna voru greiddir í laun á þriðja ársfjórðungi 2012. Kaup á vöru og þjónustu námu 16,8 milljörðum króna og fjárfestingin 5,0 milljörðum króna.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 3. ársfjórðungi 2011 og 2012*Table 3. Local government finances in 3rd quarter 2011 and 2012*

| Fjárhæðir í milljörðum króna <i>Figures in billion ISK</i> | 2011 3. ársfj. <i>3rd quart.</i> | 2012 3. ársfj. <i>3rd quart.</i> | Breyting, % <i>Change, %</i> | 2011 1.–3. ársfj. <i>1–3 quart.</i> | 2012 1.–3. ársfj. <i>1–3 quart.</i> | Breyting, % <i>Change, %</i> |
|-------------------------------------------------------------------|----------------------------------------|----------------------------------------|------------------------------------|-------------------------------------------|-------------------------------------------|------------------------------------|
| 1. Heildartekjur <i>Revenue</i> | 56,1 | 56,4 | 0,5 | 158,9 | 169,2 | 6,5 |
| 2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i> | 55,3 | 56,7 | 2,4 | 161,6 | 168,6 | 4,3 |
| 2.1 Fjárfesting <i>Investment</i> | 4,9 | 5,0 | 2,6 | 12,4 | 12,7 | 2,7 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i> | 0,8 | -0,2 | • | -2,7 | 0,6 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i> | 1,3 | -0,4 | • | -1,7 | 0,4 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i> | 0,2 | -0,1 | • | -0,2 | 0,0 | • |

Viðsnúningur hjá sveitarfélögum

Tekjuafkoma sveitarfélaga hefur batnað verulega árin 2011 til 2012 og er tekjujöfnuður jákvæður um 0,6% fyrstu níu mánuði ársins. Tekjujöfnuður fyrstu níu mánuði ársins hefur ekki verið jákvæður síðan árið 2007. Tekjuhallinn nam 2,7 milljörðum króna, eða 0,2% af landsframleiðslu fyrstu níu mánuði 2011 og 9,9 milljörðum króna sama tímabil 2010.

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem náð hefur til um fjögurra fimmtu hluta íbúafjöldans, og hefur það verið uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

English summary

The financial balance (or net lending/borrowing) of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) was 8.4 billion ISK in deficit in the 3rd quarter of 2012 or 1.9% of quarterly GDP and 4.5% of general government total revenue. This can be compared with 14.4 billion ISK in deficit in the 3rd quarter of 2011 or 3.4% of GDP in that quarter.

In the first nine months of 2012, the financial balance of the general government was 29 billion ISK in deficit or 2.3% of GDP, which can be compared with a deficit of 3.8% of GDP for the same period in 2011.

The general government total revenue increased by 5% between the 3rd quarters of 2011 and 2012, or from 178.5 billion ISK to 187.5 billion ISK. This is mainly explained by increased revenue from income taxes (2.9bn ISK) and taxes on goods and services (3.5bn ISK). The total expenditure increased at the same time by 1.6% or from 192.9 billion ISK in 2011 to 195.9 billion ISK in 2012. The main reasons are a 2.4 billion ISK increase in wages and salaries and 2.7 billion ISK increase in interest expenditure. In the same period investments decreased by 1.1 billion ISK and social benefits to households decreased by 1.2 billion ISK.

The central government total liabilities at the end of the 3rd quarter 2012 amounted to 1,914 billion ISK or 117.7% of the GDP. The net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, was negative by 823 billion ISK or 50.6% of the GDP, compared with a negative net financial asset of 44.4% of the GDP in the same period in 2011 and 37.0% in 2010. Consequently, the central government net financial asset position has deteriorated by 101 billion ISK between the 3rd quarters 2011 and 2012.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Financial Management Authority (Fjársýsla ríkisins) are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2012Table 4. *Quarterly Government Finances 2009–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i> | Heildartekjur <i>Total revenue</i> | Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i> | – þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i> | Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i> | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i> | Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i> |
|-----------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------|-----------------------------------------------------|------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|
| | (1) | (2) | (2.1) | (3=1-2) | | |
| Híð opinbera <i>The General Government</i> | | | | | | |
| 2009 | 614,3 | 763,3 | 52,6 | -149,0 | -24,3 | -10,0 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 149,1 | 175,5 | 9,3 | -26,4 | -17,7 | -1,8 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 147,2 | 188,9 | 14,2 | -41,7 | -28,3 | -2,8 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 155,2 | 193,0 | 18,4 | -37,8 | -24,3 | -2,5 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 162,8 | 205,9 | 10,8 | -43,2 | -26,5 | -2,9 |
| 2010 | 637,3 | 791,9 | 44,7 | -154,6 | -24,3 | -10,1 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 153,7 | 175,0 | 8,5 | -21,3 | -13,9 | -1,4 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 156,1 | 182,3 | 11,0 | -26,2 | -16,8 | -1,7 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 165,4 | 185,8 | 14,3 | -20,4 | -12,3 | -1,3 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 162,2 | 248,9 | 10,8 | -86,7 | -53,4 | -5,6 |
| 2011 | 680,9 | 769,3 | 29,5 | -88,5 | -13,0 | -5,4 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 161,2 | 174,5 | 5,5 | -13,3 | -8,3 | -0,8 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 166,3 | 184,8 | 7,2 | -18,6 | -11,2 | -1,1 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 178,5 | 192,9 | 9,4 | -14,4 | -8,0 | -0,9 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 174,9 | 217,1 | 7,4 | -42,2 | -24,1 | -2,6 |
| 2012 | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 177,6 | 186,9 | 5,5 | -9,2 | -5,2 | -0,5 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 182,3 | 193,7 | 6,9 | -11,3 | -6,2 | -0,7 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 187,5 | 195,9 | 8,3 | -8,4 | -4,5 | -0,5 |
| Ríkissjóður <i>The Central Government</i> | | | | | | |
| 2009 | 447,4 | 571,1 | 31,4 | -123,6 | -27,6 | -8,3 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 107,0 | 128,4 | 3,8 | -21,4 | -20,0 | -1,4 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 105,2 | 137,9 | 8,0 | -32,7 | -31,1 | -2,2 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 113,7 | 146,1 | 12,6 | -32,3 | -28,4 | -2,2 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 121,5 | 158,7 | 7,0 | -37,2 | -30,6 | -2,5 |
| 2010 | 470,8 | 614,4 | 23,5 | -143,6 | -30,5 | -9,4 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 112,0 | 133,9 | 3,9 | -21,9 | -19,6 | -1,4 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 115,4 | 138,6 | 5,8 | -23,2 | -20,1 | -1,5 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 123,4 | 140,6 | 8,0 | -17,2 | -13,9 | -1,1 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 119,9 | 201,3 | 5,7 | -81,4 | -67,9 | -5,3 |
| 2011 | 495,8 | 588,4 | 13,2 | -92,6 | -18,7 | -5,7 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 118,4 | 130,8 | 2,0 | -12,4 | -10,5 | -0,8 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 119,8 | 138,8 | 3,2 | -19,0 | -15,8 | -1,2 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 130,4 | 147,7 | 4,5 | -17,3 | -13,3 | -1,1 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 127,1 | 171,0 | 3,4 | -43,9 | -34,5 | -2,7 |
| 2012 | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 129,2 | 139,9 | 1,8 | -10,7 | -8,3 | -0,6 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 131,4 | 145,1 | 2,8 | -13,7 | -10,4 | -0,8 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 138,4 | 148,4 | 3,3 | -10,0 | -7,2 | -0,6 |

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2012 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2009–2012 (cont.)

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i> | Heildartekjur <i>Total revenue</i> | Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i> | – þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i> | Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i> | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i> | Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i> |
|-----------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------|-----------------------------------------------------|------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|
| | (1) | (2) | (2.1) | (3=1-2) | | |
| Sveitarfélög The Local Governments | | | | | | |
| 2009 | 189,3 | 204,2 | 21,2 | -15,0 | -7,9 | -1,0 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 47,0 | 50,4 | 5,5 | -3,4 | -7,1 | -0,2 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 47,3 | 53,0 | 6,1 | -5,7 | -12,0 | -0,4 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 47,5 | 50,3 | 5,7 | -2,8 | -5,8 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 47,4 | 50,6 | 3,8 | -3,2 | -6,7 | -0,2 |
| 2010 | 192,6 | 205,5 | 21,2 | -12,9 | -6,7 | -0,8 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 47,7 | 49,4 | 4,6 | -1,7 | -3,5 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 47,2 | 52,1 | 5,2 | -4,8 | -10,2 | -0,3 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 48,6 | 52,0 | 6,3 | -3,4 | -7,0 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 49,0 | 52,0 | 5,1 | -3,0 | -6,1 | -0,2 |
| 2011 | 214,8 | 217,0 | 16,3 | -2,1 | -1,0 | -0,1 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 49,4 | 51,7 | 3,5 | -2,4 | -4,8 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 53,5 | 54,5 | 4,0 | -1,0 | -1,9 | -0,1 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 56,1 | 55,3 | 4,9 | 0,8 | 1,3 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 55,9 | 55,4 | 3,9 | 0,5 | 0,9 | 0,0 |
| 2012 | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 54,8 | 54,7 | 3,6 | 0,1 | 0,2 | 0,0 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 58,0 | 57,2 | 4,1 | 0,8 | 1,3 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 56,4 | 56,7 | 5,0 | -0,2 | -0,4 | 0,0 |
| Almannatryggingar The Social Security Funds | | | | | | |
| 2009 | 133,6 | 144,1 | 0,1 | -10,4 | -7,8 | -0,7 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 31,4 | 33,7 | 0,0 | -2,2 | -7,0 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 33,8 | 37,4 | 0,0 | -3,6 | -10,5 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 32,1 | 34,4 | 0,0 | -2,3 | -7,2 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 36,3 | 38,6 | 0,0 | -2,3 | -6,5 | -0,2 |
| 2010 | 142,9 | 141,0 | 0,0 | 2,0 | 1,4 | 0,1 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 36,0 | 34,4 | 0,0 | 1,5 | 4,3 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 36,0 | 34,1 | 0,0 | 1,9 | 5,3 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 35,0 | 34,7 | 0,0 | 0,3 | 0,9 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 35,9 | 37,8 | 0,0 | -1,8 | -5,0 | -0,1 |
| 2011 | 160,4 | 154,2 | 0,0 | 6,2 | 3,9 | 0,4 |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 36,4 | 35,2 | 0,0 | 1,1 | 3,1 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 38,5 | 37,7 | 0,0 | 0,8 | 2,1 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 42,6 | 40,0 | 0,0 | 2,6 | 6,1 | 0,2 |
| 4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> | 43,0 | 41,3 | 0,0 | 1,7 | 3,9 | 0,4 |
| 2012 | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i> | 39,2 | 37,8 | 0,0 | 1,4 | 3,7 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i> | 39,3 | 37,8 | 0,0 | 1,6 | 4,0 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i> | 41,0 | 39,2 | 0,0 | 1,8 | 4,4 | 0,1 |

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2011–2012*Table 5. Quarterly General Government Revenue and Expenditure 2011–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i> | 2011 | | | | | 2012 | | |
|-----------------------------------------------------------------------------|----------------------|----------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| | Alls <i>Total</i> | Ársfjórðungar <i>Quarters</i> | | | | I | II | III |
| | | I | II | III | IV | | | |
| 1 Heildartekjur <i>Total revenue</i> | 680,9 | 161,2 | 166,3 | 178,5 | 174,9 | 177,6 | 182,3 | 187,5 |
| 11 Skatttekjur <i>Taxes</i> | 517,7 | 122,9 | 126,3 | 137,2 | 131,3 | 136,5 | 139,5 | 145,2 |
| 111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i> | 266,2 | 61,3 | 67,5 | 69,7 | 67,7 | 69,2 | 73,5 | 72,6 |
| 112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i> | 2,9 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 |
| 113 Eignarskattar <i>Property taxes</i> | 37,4 | 9,6 | 9,4 | 9,3 | 9,2 | 10,9 | 10,6 | 10,5 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i> | 197,3 | 47,8 | 45,4 | 53,8 | 50,3 | 52,2 | 50,6 | 57,2 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i> | 7,3 | 1,9 | 1,4 | 1,7 | 2,2 | 1,6 | 2,0 | 1,9 |
| 116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i> | 6,6 | 1,6 | 1,8 | 2,0 | 1,1 | 1,8 | 2,1 | 2,4 |
| 12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i> | 66,8 | 15,7 | 15,8 | 17,5 | 17,8 | 16,2 | 16,6 | 17,2 |
| 13 Fjárframlög <i>Grants</i> | 2,9 | 0,6 | 0,7 | 0,8 | 0,8 | 0,7 | 0,8 | 0,9 |
| 14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i> | 93,4 | 22,0 | 23,4 | 23,0 | 25,0 | 24,3 | 25,4 | 24,2 |
| 2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> | 769,3 | 174,5 | 184,8 | 192,9 | 217,1 | 186,9 | 193,7 | 195,9 |
| 21 Laun <i>Wages</i> | 236,1 | 54,3 | 59,6 | 60,4 | 61,8 | 59,6 | 64,3 | 62,8 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i> | 190,2 | 46,0 | 47,8 | 46,3 | 50,1 | 47,8 | 48,2 | 46,2 |
| 23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i> | 35,1 | 8,5 | 8,6 | 8,9 | 9,0 | 9,1 | 9,3 | 9,3 |
| 24 Vaxtagjöld <i>Interest</i> | 83,5 | 19,7 | 19,1 | 22,5 | 22,2 | 23,0 | 23,3 | 25,2 |
| 25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i> | 28,2 | 7,1 | 7,1 | 6,9 | 7,0 | 7,4 | 7,5 | 7,3 |
| 26 Fjárframlög <i>Grants</i> | 4,5 | 0,8 | 1,2 | 1,0 | 1,5 | 0,8 | 1,2 | 1,1 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i> | 138,8 | 31,6 | 33,5 | 36,8 | 36,9 | 33,5 | 33,2 | 35,6 |
| 28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i> | 58,6 | 9,3 | 9,3 | 9,7 | 30,2 | 9,3 | 9,1 | 9,4 |
| 31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i> | 29,5 | 5,5 | 7,2 | 9,4 | 7,4 | 5,5 | 6,9 | 8,3 |
| 23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i> | -35,1 | -8,5 | -8,6 | -8,9 | -9,0 | -9,1 | -9,3 | -9,3 |
| Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i> | -88,5 | -13,3 | -18,6 | -14,4 | -42,2 | -9,2 | -11,3 | -8,4 |
| Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i> | -13,0 | -8,3 | -11,2 | -8,0 | -24,1 | -5,2 | -6,2 | -4,5 |
| Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i> | -5,4 | -0,8 | -1,1 | -0,9 | -2,6 | -0,5 | -0,7 | -0,5 |
| Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i> | 41,9 | 9,9 | 10,2 | 11,0 | 10,8 | 10,3 | 10,6 | 10,9 |
| Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i> | 47,3 | 10,7 | 11,4 | 11,9 | 13,4 | 10,9 | 11,3 | 11,4 |

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2011–2012
Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2011–2012

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i> | 2011 | | | | | 2012 | | |
|-----------------------------------------------------------------------------|----------------------|----------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| | Alls <i>Total</i> | Ársfjórðungar <i>Quarters</i> | | | | I | II | III |
| | | I | II | III | IV | | | |
| 1 Heildartekjur <i>Total revenue</i> | 495,8 | 118,4 | 119,8 | 130,4 | 127,1 | 129,2 | 131,4 | 138,4 |
| 11 Skatttekjur <i>Taxes</i> | 362,0 | 87,9 | 87,5 | 95,7 | 90,9 | 96,0 | 96,5 | 103,0 |
| 111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i> | 140,2 | 33,7 | 36,3 | 35,7 | 34,6 | 36,7 | 38,5 | 38,4 |
| 112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i> | 2,9 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 |
| 113 Eignarskattar <i>Property taxes</i> | 9,8 | 2,7 | 2,5 | 2,4 | 2,3 | 3,5 | 3,2 | 3,1 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i> | 195,2 | 47,3 | 44,8 | 53,1 | 50,0 | 51,7 | 50,0 | 56,6 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i> | 7,3 | 1,9 | 1,4 | 1,7 | 2,2 | 1,6 | 2,0 | 1,9 |
| 116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i> | 6,6 | 1,6 | 1,8 | 2,0 | 1,1 | 1,8 | 2,1 | 2,4 |
| 12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i> | 66,8 | 15,7 | 15,8 | 17,5 | 17,8 | 16,2 | 16,6 | 17,2 |
| 13 Fjárframlög <i>Grants</i> | 9,4 | 2,1 | 2,3 | 2,5 | 2,6 | 2,3 | 2,5 | 2,7 |
| 14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i> | 57,6 | 12,8 | 14,2 | 14,7 | 15,8 | 14,7 | 15,8 | 15,6 |
| 2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> | 588,4 | 130,8 | 138,8 | 147,7 | 171,0 | 139,9 | 145,1 | 148,4 |
| 21 Laun <i>Wages</i> | 121,1 | 27,9 | 30,6 | 30,6 | 32,0 | 30,5 | 33,0 | 32,3 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i> | 91,5 | 21,6 | 22,9 | 22,9 | 24,1 | 22,9 | 23,1 | 22,5 |
| 23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i> | 25,6 | 6,2 | 6,3 | 6,5 | 6,6 | 6,6 | 6,8 | 6,8 |
| 24 Vaxtagjöld <i>Interest</i> | 75,6 | 17,7 | 17,2 | 20,5 | 20,2 | 20,9 | 21,2 | 23,1 |
| 25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i> | 24,5 | 6,2 | 6,2 | 6,0 | 6,1 | 6,4 | 6,5 | 6,4 |
| 26 Fjárframlög <i>Grants</i> | 187,7 | 42,5 | 45,6 | 49,4 | 50,2 | 44,8 | 45,9 | 47,6 |
| 27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i> | 28,1 | 6,4 | 6,8 | 7,1 | 7,8 | 5,9 | 6,2 | 6,5 |
| 28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i> | 46,8 | 6,4 | 6,4 | 6,7 | 27,3 | 6,7 | 6,4 | 6,8 |
| 31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i> | 13,2 | 2,0 | 3,2 | 4,5 | 3,4 | 1,8 | 2,8 | 3,3 |
| 23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i> | -25,6 | -6,2 | -6,3 | -6,5 | -6,6 | -6,6 | -6,8 | -6,8 |
| Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i> | -92,6 | -12,4 | -19,0 | -17,3 | -43,9 | -10,7 | -13,7 | -10,0 |
| Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i> | -18,7 | -10,5 | -15,8 | -13,3 | -34,5 | -8,3 | -10,4 | -7,2 |
| Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i> | -5,7 | -0,8 | -1,2 | -1,1 | -2,7 | -0,6 | -0,8 | -0,6 |
| Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i> | 30,5 | 7,3 | 7,4 | 8,0 | 7,8 | 7,5 | 7,7 | 8,1 |
| Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i> | 36,2 | 8,0 | 8,5 | 9,1 | 10,5 | 8,1 | 8,4 | 8,6 |

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2011–2012*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2011–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i> | 2011 | | | | | 2012 | | |
|-----------------------------------------------------------------------------|----------------------|----------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | Alls <i>Total</i> | Ársfjórðungar <i>Quarters</i> | | | | I | II | III |
| | | I | II | III | IV | | | |
| 1 Heildartekjur <i>Total revenue</i> | 214,8 | 49,4 | 53,5 | 56,1 | 55,9 | 54,8 | 58,0 | 56,4 |
| 11 Skatttekjur <i>Taxes</i> | 155,7 | 35,0 | 38,8 | 41,5 | 40,4 | 40,5 | 43,0 | 42,2 |
| 111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i> | 126,0 | 27,6 | 31,3 | 34,0 | 33,1 | 32,5 | 34,9 | 34,2 |
| 112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar <i>Property taxes</i> | 27,6 | 6,9 | 6,9 | 6,9 | 6,9 | 7,4 | 7,4 | 7,4 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i> | 2,1 | 0,5 | 0,6 | 0,6 | 0,3 | 0,5 | 0,6 | 0,6 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög <i>Grants</i> | 24,8 | 5,6 | 5,9 | 6,7 | 6,7 | 5,1 | 5,7 | 5,8 |
| 14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i> | 34,3 | 8,8 | 8,8 | 7,9 | 8,8 | 9,3 | 9,3 | 8,3 |
| 2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> | 217,0 | 51,7 | 54,5 | 55,3 | 55,4 | 54,7 | 57,2 | 56,7 |
| 21 Laun <i>Wages</i> | 98,1 | 22,5 | 24,7 | 25,5 | 25,5 | 24,8 | 26,6 | 26,0 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i> | 67,0 | 16,8 | 16,9 | 16,1 | 17,1 | 17,5 | 17,6 | 16,8 |
| 23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i> | 9,5 | 2,3 | 2,3 | 2,4 | 2,4 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| 24 Vaxtagjöld <i>Interest</i> | 7,9 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,1 | 2,1 | 2,1 |
| 25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i> | 3,3 | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,9 | 0,9 | 0,9 |
| 26 Fjárframlög <i>Grants</i> | 1,2 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i> | 12,1 | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 3,2 | 3,2 | 3,2 |
| 28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i> | 11,0 | 2,7 | 2,7 | 2,7 | 2,7 | 2,4 | 2,4 | 2,4 |
| 31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i> | 16,3 | 3,5 | 4,0 | 4,9 | 3,9 | 3,6 | 4,1 | 5,0 |
| 23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i> | -9,5 | -2,3 | -2,3 | -2,4 | -2,4 | -2,5 | -2,5 | -2,5 |
| Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i> | -2,1 | -2,4 | -1,0 | 0,8 | 0,5 | 0,1 | 0,8 | -0,2 |
| Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i> | -1,0 | -4,8 | -1,9 | 1,3 | 0,9 | 0,2 | 1,3 | -0,4 |
| Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i> | -0,1 | -0,1 | -0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i> | 13,2 | 3,0 | 3,3 | 3,4 | 3,4 | 3,2 | 3,4 | 3,3 |
| Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i> | 13,3 | 3,2 | 3,4 | 3,4 | 3,4 | 3,2 | 3,3 | 3,3 |

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2011–2012Table 8. *Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2011–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i> | 2011 | | | | | 2012 | | |
|-----------------------------------------------------------------------------|----------------------|----------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | Alls <i>Total</i> | Ársfjórðungar <i>Quarters</i> | | | | I | II | III |
| | | I | II | III | IV | | | |
| 1 Heildartekjur <i>Total revenue</i> | 160,4 | 36,4 | 38,5 | 42,6 | 43,0 | 39,2 | 39,3 | 41,0 |
| 11 Skatttekjur <i>Taxes</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar <i>Property taxes</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög <i>Grants</i> | 158,9 | 36,0 | 38,1 | 42,2 | 42,6 | 38,9 | 39,0 | 40,7 |
| 14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i> | 1,5 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 |
| 2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> | 154,2 | 35,2 | 37,7 | 40,0 | 41,3 | 37,8 | 37,8 | 39,2 |
| 21 Laun <i>Wages</i> | 16,9 | 4,0 | 4,3 | 4,3 | 4,3 | 4,3 | 4,7 | 4,5 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i> | 31,7 | 7,6 | 7,9 | 7,3 | 8,9 | 7,4 | 7,5 | 7,0 |
| 23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 24 Vaxtagjöld <i>Interest</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i> | 0,3 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 26 Fjárframlög <i>Grants</i> | 5,8 | 1,3 | 1,4 | 1,5 | 1,6 | 1,3 | 1,4 | 1,5 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i> | 98,5 | 22,1 | 23,7 | 26,7 | 26,1 | 24,4 | 23,9 | 25,9 |
| 28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i> | 0,8 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| 31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i> | 6,2 | 1,1 | 0,8 | 2,6 | 1,7 | 1,4 | 1,6 | 1,8 |
| Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i> | 3,9 | 3,1 | 2,1 | 6,1 | 3,9 | 3,7 | 4,0 | 4,4 |
| Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i> | 0,4 | 0,1 | 0,0 | 0,2 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i> | 9,9 | 2,2 | 2,4 | 2,6 | 2,6 | 2,3 | 2,3 | 2,4 |
| Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i> | 9,5 | 2,2 | 2,3 | 2,5 | 2,5 | 2,2 | 2,2 | 2,3 |

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2010–2012Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2010–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i> | 2011 | | | | 2012 | | |
|-----------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| | Ársfjórðungar <i>Quarters</i> | | | | | | |
| | I | II | III | IV | I | II | III |
| Peningalegar eignir <i>Financial assets</i> | 1.071,2 | 1.116,2 | 1.044,8 | 1.148,9 | 1.146,8 | 1.134,8 | 1.090,6 |
| Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i> | 343,4 | 442,8 | 382,0 | 533,7 | 513,9 | 515,8 | 464,0 |
| Lánveitingar <i>Loans</i> | 258,3 | 204,5 | 190,6 | 147,0 | 158,7 | 155,9 | 159,8 |
| Hlutafé <i>Shares and other equity</i> | 343,9 | 343,4 | 344,1 | 343,3 | 345,5 | 334,0 | 334,1 |
| Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivable¹</i> | 125,7 | 125,6 | 128,1 | 124,9 | 128,7 | 129,1 | 132,7 |
| Skuldir <i>Liabilities</i> | 1.716,9 | 1.802,6 | 1.767,5 | 1.865,1 | 1.896,7 | 1.938,3 | 1.913,9 |
| Verðbréf <i>Securities</i> | 685,2 | 715,0 | 703,9 | 732,5 | 765,8 | 780,0 | 777,2 |
| Lántökur <i>Loans</i> | 639,6 | 688,9 | 667,3 | 736,0 | 704,0 | 711,0 | 706,3 |
| Innlendir aðilar <i>Domestic loans</i> | 286,8 | 277,9 | 280,0 | 288,2 | 282,1 | 286,1 | 286,5 |
| Erlendir aðilar <i>Foreign loans</i> | 352,7 | 411,0 | 387,4 | 447,8 | 421,9 | 424,9 | 419,8 |
| Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i> | 339,4 | 345,1 | 345,1 | 345,1 | 373,0 | 373,0 | 373,0 |
| Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i> | 52,7 | 53,6 | 51,2 | 51,5 | 53,9 | 74,3 | 57,3 |
| Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i> | -645,6 | -686,4 | -722,7 | -716,2 | -749,9 | -803,5 | -823,3 |
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu <i>Percent of GDP</i> | | | | | | | |
| Peningalegar eignir <i>Financial assets</i> | 65,9 | 68,6 | 64,2 | 70,6 | 65,8 | 65,1 | 67,1 |
| Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i> | 21,1 | 27,2 | 23,5 | 32,8 | 29,5 | 29,6 | 28,5 |
| Lánveitingar <i>Loans</i> | 15,9 | 12,6 | 11,7 | 9,0 | 9,1 | 8,9 | 9,8 |
| Hlutafé <i>Shares and other equity</i> | 21,1 | 21,1 | 21,2 | 21,1 | 19,8 | 19,2 | 20,5 |
| Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivable¹</i> | 7,7 | 7,7 | 7,9 | 7,7 | 7,4 | 7,4 | 8,2 |
| Skuldir <i>Liabilities</i> | 105,6 | 110,8 | 108,7 | 114,7 | 108,9 | 111,2 | 117,7 |
| Verðbréf <i>Securities</i> | 42,1 | 44,0 | 43,3 | 45,0 | 44,0 | 44,8 | 47,8 |
| Lántökur <i>Loans</i> | 39,3 | 42,4 | 41,0 | 45,3 | 40,4 | 40,8 | 43,4 |
| Innlendir aðilar <i>Domestic loans</i> | 17,6 | 17,1 | 17,2 | 17,7 | 16,2 | 16,4 | 17,6 |
| Erlendir aðilar <i>Foreign loans</i> | 21,7 | 25,3 | 23,8 | 27,5 | 24,2 | 24,4 | 25,8 |
| Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i> | 20,9 | 21,2 | 21,2 | 21,2 | 21,4 | 21,4 | 22,9 |
| Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i> | 3,2 | 3,3 | 3,1 | 3,2 | 3,1 | 4,3 | 3,5 |
| Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i> | -39,7 | -42,2 | -44,4 | -44,0 | -43,0 | -46,1 | -50,6 |

Hag tíðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

97. árg. • 40. tbl. 2012:15

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir • gudrun.jonsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series